

5: Hvað er raddvistun og skilaboðavistun?

Það ræðst af eðli talvanda þíns en mögulegt gæti reynst að taka upp þína eigin rödd og síðan að nota upptökurnar til að búa til talgervil (tölvurödd) til nota í tölvu eða spjaldtölvu síðar meir. Þetta er kallað raddvistun.

Þannig upptökur eru því aðeins mögulegar að röddin sé enn skýr og því þurfa upptökur að eiga sér stað áður en raddvandamálin verða mjög áberandi. Yfirleitt er tekin upp á bilinu 300 til 3500 orðasambönd (allt eftir því hvaða raddbanka þú notar) með aðstoð tölvuforrits.

Það er líka hægt að vista skilaboð þar sem þú segir ákveðnar setningar sem síðan má spila í tjáskiptatæki. Skilaboðavistun getur komið að góðu gagni ef þú vilt að setningarliðir eða hljóð hljómi nákvæmlega eins og þú hefur sagt það sjálf/ur, til dæmis:

- að segja „ég elska þig“
- að kalla til þín gæludýr
- að hlæja
- að lesa kvöldsögu ef börn eru í fjölskyldunni.



Nánari upplýsingar um radd- og skilaboðavistun, sjá:
Upplýsingablað 7D - *Raddvistun*
Stutt teiknuð fræðslumynd, *Hvað er radd- og skilaboðavistun?* á: www.mndassociation.org/speech